



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 127/479
komudagur 11.12.2001

DIRECTORATE OF HEALTH

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 ReykjavíkReykjavík, 10. desember 2001
SG/VI/hþ**Vísað er til fundar heilbrigðis- og trygginganefndar með landlækni, aðstoðar-landlækni og yfirhjúkrunarfræðingi 10. desember 2001.**

Þau atriði sem lögð er áhersla á í þessu bréfi eru atriði sem nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum um frá Landlæknisembættinu. Því er aðeins tæpt á fjórum spurningum sem nefndin óskaði eftir skriflegu svari Landlæknisembættisins við.

Hvaðan kom fyrirmyndin að sjúkrahóteli Rauða kross Íslands?

Sjúkrahótel Rauða kross Íslands hefur verið starfrækt frá árinu 1974. Á árunum eftir 1990 var mikil umræða um hvort nýta mætti betur það þjónustuform sem sjúkrahótel bíður upp á. Sú umræða tengdist leit að nýjum úrræðum til að stytta legutíma sjúklinga á sjúkrahúsum vegna minnkaðs fjármagns til heilbrigðisstofnana.

Í könnun sem Landlæknisembættið stóð fyrir árið 1995 kom fram að heildarfjöldi sjúklinga á þeim deildum sem könnunin náði til var 620. Af þessum fjölda gátu 139 sjúklingar, að mati yfirlækna og hjúkrunardeildarstjóra, nýtt sér þjónustu sjúkrahótels í stað sjúkrahússlegu.

Í könnuninni voru gefnir 3 valmöguleikar um tegund sjúkrahótels.

Sjúkrahótel I.

Á sjúkrahótelinu eru einbýli og tvíbýli. Sími er á hverju herbergi. Þar geta allir aldurshópar dvalið, einnig aðstandendur. Allir sjúklingar eru í tengslum við meðferðarstofnun í bænum. Ef eitthvað breytist varðandi heilsu, líðan eða meðferð fer sjúklingur á viðkomandi meðferðarstofnun.

Reiknað er með að sjúklingar sem dvelja á hótelinu séu að mestu sjálfbjarga. Aðstæður fyrir hjólastóla og önnur hjálpartæki eru fyrir hendi. Dvalargestir borða í sameiginlegum matsal og þurfa að koma sér sjálfir þangað (eins og Sjúkrahótel III).

Sjúkrahótel I er staðsett á spítalalóð. Þar eru hjúkrunarfræðingar í starfi allan sólarhringinn og hægt að sinna lyfjagjöfum (einnig lyfjagjöfum í æð), sáraskiptingum og eftirliti með sjúklingum. Vegna staðsetningar, þ.e. á spítalalóð, er betri aðgangur að öðrum heilbrigðisstéttum.

Sjúkrahótel II.

Á sjúkrahótelinu eru einbýli og tvíbýli. Sími er á hverju herbergi. Þar geta allir aldurshópar dvalið, einnig aðstandendur. Allir sjúklingar eru í tengslum við meðferðarstofnun í bænum. Ef eitthvað breytist varðandi heilsu, líðan eða meðferð fer sjúklingur á viðkomandi meðferðarstofnun.

Reiknað er með að sjúklingar sem dvelja á hótelinu séu að mestu sjálfbjarga. Aðstæður fyrir hjólastóla og önnur hjálpertæki eru fyrir hendi. Dvalargestir borða í sameiginlegum matsal og þurfa að koma sér sjálfir þangað (eins og Sjúkrahótel III).

Á sjúkrahótelu II starfar hjúkrunarfræðingur á öllum vöktum. Þar er hægt að sinna lyfjagjöfum og minniháttar sáraskiptingum og eftirliti með sjúklingum.

Sjúkrahótel III (svipað og Sjúkrahótel Rauða Kross Íslands árið 1995).

Á sjúkrahótelinu eru einbýli og tvíbýli. Sími er á hverju herbergi. Þar geta allir aldurshópar dvalið, einnig aðstandendur. Allir sjúklingar eru í tengslum við meðferðarstofnun í bænum. Ef eitthvað breytist varðand heilsu, líðan eða meðferð fer sjúklingur á viðkomandi meðferðarstofnun.

Reiknað er með að sjúklingar sem dvelja á hótelinu séu að mestu sjálfbjarga. Aðstæður fyrir hjólastóla og önnur hjálpertæki eru fyrir hendi. Dvalargestir borða í sameiginlegum matsal og þurfa að koma sér sjálfir þangað.

Enginn hjúkrunarfræðingur starfar á sjúkrahótelinu. Starfsstúlkur eru þar í starfi og geta aðstoðað við grunnþarfir sjúklings. Á kvöldin er 1 starfsstúlka í vinnu en á næturnar er eingöngu 1 næturvörður.

Niðurstaða könnunarinnar sýndi að stærsti hluti sjúklinganna hefði getað notað þjónustu á sjúkrahótelu II. Allir þeir sem hefðu getað nýtt sér þjónustu á sjúkrahótelu III hefðu líka getað verið á sjúkrahótelu II. Samtals voru það um 75% sjúklinganna sem gátu nýtt sér úrræði II og III.

Í samræmi við þessa niðurstöðu og hliðstæða niðurstöðu sem Landspítalinn og Borgarspítalinn fengu úr sams konar könnun árið 2000 voru þær meginbreytingar gerðar á starfsemi sjúkrahótelsins 1. janúar 2001 að Rauði Krossinn gerði samkomulag við Landspítala háskólasjúkrahús um að spítalinn legði til hjúkrunarfræðinga til starfa á sjúkrahótelinu.

Við það breyttist starfseminn á þann veg að möguleiki var að taka við veikari sjúklingum og sinna viðtækari þjónustu en áður var völ á. Þrátt fyrir þetta samkomulag er þjónustan engan vegin bundin við þá sjúklinga sem eru í meðferð eða hafa hlotið meðferð á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Fyrirmyndin að sjúkrahótelinu, eins og það er rekið í dag, er komin frá Norðurlöndunum, einkum Kaupmannahöfn og Lundi, þótt í báðum þeim tilvikum séu sjúkrahótelin á lóð sjúkrahúss (Líkt og Sjúkrahótel I í könnun Landlækni-embættisins).

Gjaldtaka

Upplýsingar sem Landlæknisembættið gaf í dag um að gjaldið hafi verið tekið upp 1. janúar 2001 eru réttar. Gjaldið var felld niður að nýju 1. október 2001.

Hvaðan koma sjúklingarnir ?

Á tímabilinu 1. janúar til 30. nóvember 2001 voru alls 1150 einstaklingar vistaðir á hótelinu. Skiptingin er 742 frá landsbyggðinni og 409 frá Stór-Reykjavíkursvæðiðnu.

Skilgreing á því hverju hjúkrunarfræðingar eru að sinna

Hjúkrunarfræðingur er við störf frá kl. 08 að morgni og fram til kl. 22 alla daga vikunnar. Frá kl. 22 til 08 að morgni er hjúkrunarfræðingur á bakvakt.

Störf hjúkrunarfræðings felast einkum í eftirlit með heilsufari og líðan sjúklinga, viðbrögðum í neyðartilvikum, ráðgjöf, stuðningi, sálgæslu og tengslum við þá aðila sem veita sjúklingum meðferð. Hjúkrunarfræðingarnir sinna almennri hjúkrun þeirra sjúklinga sem á henni þurfa að halda, s.s. böðun, en áhersla er lögð á að þetta er ekki sjúkradeild heldur sjúkrahótel. Eftir að hjúkrunarfræðingar voru ráðnir til starfa við sjúkrahótelið hafa hjúkrunarfræðingar sem sinna heimahjúkrun ekki þurft að koma þar inn með sína þjónustu. Hins vegar fá þeir sjúklingar sem þurfa sjúkrahústengda heimaþjónustu, s.s. konur eftir bjóstatöku sem þurfa mjög sérhæfða aðstoð við sáraskiptingar þá þjónustu frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Einnig hafa hjúkrunarfræðingarnir með höndum verkstjórn og skipulagningu daglegrar starfsemi.

Hver hefur greitt þann kostnað sem er umfram daggjöld?

Sjúkrahótel Rauða kross Íslands fær greidd daggjöld fyrir sem nemur 28 plássum á sjúkrahótelinu. Hins vegar hefur sjúkrahótelið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir því að hafa starfsemi í sem nemur allt að 50 rýmum.

Í dag 10. desember 2001 dvelja 40 sjúklingar á sjúkrahótelinu. Í nóvember árið 2000 voru 800 gistinætur á sjúkrahótelinu en í nóvember 2001 voru þær 1230.


Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 7. júlí 2000, fól ráðherra Landspítala-háskólasjúkrahúsi að mæta tímabundið umönnunarþörf aldraðra þar til hjúkrunarheimilið við Sóltún tæki til starfa. Til þessa verkefnis fékk Landspítali-háskólasjúkrahús 124 millj. króna. Hluta þess fjármagns hefur verið varið til að greiða 3,1 stöðugildi hjúkrunarfræðinga við sjúkrahótel Rauða Kross Íslands. Að auki hefur

Landspítali-háskólasjúkrahús greitt á árinu 2001, 2.8 millj. króna af þessu fjármagni til að mæta auknum rekstrarkostnaði sjúkrahótelsins. Annar kostnaður umfram daggjöld hefur fallið á Rauða Kross Íslands.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir



Vilborg Ingólfssdóttir
yfirhjúkrunarfræðingur